

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningu og innheimtu jöfnunartolls skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á honum í ríkissjóð eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi 1. janúar 1993 og skal hún gilda til 31. mars 1993.

Fjármálaráðuneytið 28. desember 1992.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir vopnaleit á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, vopnaleitargjald, fyrir hvern mann sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa um Keflavíkurflugvöll.

Vopnaleitargjald skal innheimt með flugvallargjaldi skv. 7. gr. 1. nr. 31/1987.

Undanþegnir gjaldskyldu eru skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi samkvæmt farseðli milli annarra landa og Norður-Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

2. gr.

Vopnaleitargjald er kr. 60.00 fyrir hvern farþega.

3. gr.

Eigandi loftfars eða sá sem ábyrgð ber á rekstri þess er ábyrgur fyrir greiðslu vopnaleitargjalds.

Við brottför loftfars frá Keflavíkurflugvelli skal afhenda sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli eða eftir atvikum fulltrúa flugmálastjórnar í flugstöð skrá yfir farþega með því, áhöfn þess og hverjir séu gjaldfrjálsir skv. 2. mgr. 1. gr. Skrá þessi skal undirrituð af flugstjóra eða umboðsmanni flugfélags á flugvelli.

4. gr.

Vopnaleytingargjald vegna farþega er ferðast með loftförum sem skráð eru erlendis og allra loftfara sem ekki er flogið á áætlunarleiðum, skal greiða sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli fyrir brottför loftfars um leið og afhent er skrá samkvæmt 2. mgr. 3. gr.

5. gr.

Vopnaleytingargjald vegna farþega sem ferðast í áætlunarflugi á viðurkenndum áætlunarleiðum, skal greiða til sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför. Sé vopnaleytingargjaldi ekki skilað á réttum gjalddaga ber það dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá gjalddaga til greiðsludags. Nú er skrifstofa sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli lokuð 15. dag mánaðar og telst þá gjalddagi vera næsti dagur þar á eftir sem skrifstofan er opin til almennrar afgreiðslu.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 78. gr. loftferðalaga nr. 34, 21. maí 1964 og tekur gildi 1. janúar 1993.

Utánríkisráðuneytið, 23. desember 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Róbert T. Arnason.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaða og Fella.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaða og Fella, er taki gildi 1. janúar 1993:

Gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaða og Fella, nr. 431, 13. september 1991:

Gjaldskráin hækki um 4%.

Hver rúmmetri vatns hækki úr kr. 74,00 í kr. 77,00.

Mælaleiga á mánuði hækki:

fyrir 1/2 tommu mæli úr kr. 385,00 í kr. 400,00

fyrir 3/4 tommu mæli úr kr. 775,00 í kr. 810,00

fyrir 1/1 tommu mæli úr kr. 1 150,00 í kr. 1 200,00

Heimæðagjöld skv. 7. gr. gjaldskrár hækki samsvarandi og verði fyrir hús allt að 400 m³ kr. 117 600,00.

Iðnaðarráðuneytið, 29. desember 1992.

F. h. r.

Björn Friðfinnson.

Steinunn Bjarman.